



tonihar012

Tveir dagar eftir. 6 leikir eftir. Maður er farinn að telja niður, orðinn þreyttur. Við erum í séns að ná í eitt af átta efstu sætunum en það má reikna með að keppnin verði hörð. Morgunleikirnir hafa gefið okkur vel og við vonuðum að svo yrði áfram. Það virðist ekki skipta okkur svo miklu máli hvar andstæðingarnir eru í mótinu og hvort þeir séu sterkir á pappírnum, við skorum alveg jafn vel á móti þeim sterku. Mesti munurinn á úrslitum okkar og keppinautanna er að okkur vantar stærri sigra gegn þjóðunum úr neðri hlutanum. Við töpum sjaldan en vinnum ekki nógu stórt.

Föstudagur 15.júní

Leikur 28

Ísrael

NS Jón-Bessi

AV Alli-Matti

Í impum 38-57 5,20 stig

Ísraelsmenn hafa verið sterkir undanfarin ár. Ég var satt best að segja farinn að vona að lenda ekki í þeim í þessu móti. En það gilda einhverjar sérreglur fyrir þá í þessu sem öðru. Þeir náðu á endanum að skrá sig, mánuði of seint. Ætli þeir séu á einhverju öðru dagatali en við? Gæti verið eitthvað trúarlegt íssjú. Þeir hafa losað sig við svindlarana Fisher-Schwartz og ég tek ofan fyrir þeim, fyrir það hvernig þeir tóku á og dæmdu í því máli. Þegar við hófum leik á næst síðasta degi þá voru Ísraelsmenn á toppnum, komnir með 8 stiga forskot á Rússa og 10 á Normenn

Þetta var slemmuleikur. Það er ekki gott fyrir okkur. Eftir fína byrjun þá röðuðu Ísraelsmenn impum í sinn dálk og við réðum ekkert við þá. Þegar látunum linnu þá máttum við þakka fyrir að ná 5 stigum í leiknum. Svona er þetta stundum.

Leikur 29

Litháen

NS Matti-Alli

AV Ómar-Raggi

Í impum 29-40 6,96 stig

Litháar eru í neðri hlutanum. Á þessum tímapunkti þá vonar maður að þeir séu hættir að nenna þessu og spili illa. En Litháar eru ólseigir í þessu og það er ekkert gefið á móti þeim. Þeir voru að koma úr leik við Englendinga þar sem þeir gerðu jafntefli. Litháar eru með sterkt pólskt par í liðinu hjá sér, þá Gierulski og Skrzypczak. Þeir eru vanir að skila sínu.

Leikurinn var ákaflega rólegur framan af. Ping pong og leikurinn var jafn. Svo kom kjaftshögg í síðasta spili þegar Litháinn hitti á útspil í geimi og það vannst ekki. Þetta kostaði okkur þrjú og hálf stig. Nú fannst mér vera nóg komið af random svingum til andstæðinganna og þetta hlýtur að fara að snúast við.



Það er eitthvað lánleysi í gangi hjá liðinu og andstæðingarnir eru að spila mjög vel

Spil 16 A/AV

♠ A
♥ T7642
♦ J753
♣ J86

♠ KJT9864 ♠ Q
♥ J5 ♥ AQ983
♦ 98 ♦ KQ4
♣ AQ ♣ T753

♠ 7532
♥ K
♦ AT62
♣ K942

Salurinn í 4 spöðum í vestur. Fjórðungurinn spilaði út hjarta og á öllum þeim borðum fór samningurinn niður. Á öðrum borðum stóð hann. Þessu óstuði lentum við í, 13 impar út.

Leikur 30

Spánn

NS Jón-Bessi

AV Ómar-Raggi

Í impum 25-30 8,52 stig

Spánverjarnir eru óuttreiknanlegir. Þú veist aldrei hvar þú hefur þá, þeir geta unnið alla en líka tapað stórt fyrir öllum. Ég var að vona að þeir yrðu með hugann við allt annað en spilið þegar við mættum þeim. Var ekki hægt að skella á boltaleiknum með Spánverjum á sama tíma.

En við fengum ekki breik. Andstæðingarnir að spila vel en við ekki nógu vel. Þá verður manni hugsað til baka til glataðra tækifæra í öðrum leikjum. Þau eru ekki svo mörg færin sem við fáum að það verður að nýta þau. Þetta er eins og í boltanum.

Tæp 21 stig í dag, það er miklu minna en vonast var til. Og það eru fleiri en við sem áttu slæman dag, Monaco með um 18 stig og Ítalía með 21 stig. Þetta verður barátta fram í

síðasta slag. Hafa menn tekið eftir ákveðnum stíganda hjá okkur, 2 stig, svo 5,6 og 8. Við stefnum á þrjá sigra á morgun. Einhverra hluta vegna þá hefur enginn beðið mig að birta bötlerinn svo ég nenni ekki að fletta honum upp. Það hafa allir lækkað frá því síðast.

14 þjóðir hafa nælt sér í sektarstig í mótinu. Ég vona það innilega að Ísrael nái ekki sigri og þeir mættu tapa á sektarstigunum sínum mín vegna. Staðan er mjög jöfn á toppnum, Ísrael og Rússar með Normenn skammt undan.



Guðrún Óskarsdóttir íhugar stöðuna. Konurnar eru að fá flott úrslit inn á milli en það kom vondur kafli um miðbik móts og þær eru í neðri hluta hópsins.



Frakkarnir hafa tekið afgerandi forystu í senioraflokknum. Það kemur ekki á óvart með Alain Levy í liðinu.

tonihar012, 16.júní 2018

tonihar@simnet.is